




3. töl. 2014/15



Október

**Bókahillan
Hlusta.is
Lesaugun
Lestrarátak
Hurðahengi
Bókaormar
Talnagrindin
Safnapassi
og fleira...**

**Betra er berfættum
en bóklausum
að vera**



Stærðfræðipula

Ef radíus þú reikna skalt
þú ritar flatarmálið allt,
deilir í það djarft með pí
og dregur kvaðratrót af því.

Höf: Ragnar Þorsteinsson



minnis
vísur

KENNARINN.IS

MÁN	ÞRI	MID	FIM	FÖS	LAU	SUN
TIL	TIL	TIL	TIL	TIL	TIL	TIL
MÆÐU	ÞRAUTAR	MOLDAR	FRAMA	FJÁR	LUKKU	SIGURS

		1 október	2	3	4 ALÞJÓDLEGUR DAGUR DÝRANNA	 ALÞJÓÐA KENNARADAGURINN
6	7	8	9 DAGUR LEIFS EIRÍKSSONAR	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24 DAGUR SAMEINUDU ÞJÓÐANNA	 FYRSTI VETRARDAGUR	26
27 ALÞJÓDLEGI BANGSADAGURINN	28	29	30	31 HREKKJAVAKA		



Betra er berfættum...

en bóklausum að vera, segir mál-tækið og þarfnast engrar skýringar við. Íslendingar eru mikil bókaþjóð og ef að er gáð má finna nokkuð magn orðatiltækja og málshátta sem tengjast þema **Kennarans** að þessu sinni, *bókum* og *lestri*:

- Bók er best vína
- Blindur er bókláus maður
- Ekki verður bókvitið í askana látið
- Betra er brjóstvit en bókvit
- Fyrir mörgu gerir bókin ráð
- Allir eru á eina bókina lærðir
- Lestur er lærdómsins lykill
- Bók sem ekki er opnuð er bara múrsteinn úr pappír



Ofangreindur málsháttaveggur samanstendur af 9xA4 blöðum sem hægt er að prenta út af facebook-síðunni *Vefrit Kennarans*. Tilvalið er hafa hann uppi við í bókmenntamánuðinum sem nú fer í hönd.

Reykjavík er ein af Bókmenntaborgum UNESCO og október hvers árs er tileinkaður lestri. Lestrarhátíðin að þessu sinni er helguð ritlist og smásögum undir heitinu *Tími fyrir sögu* og landsleikurinn *Allir lesa* hefst 17. október næstkomandi. Nánari upplýsingar um viðburðina er að finna á síðunum bokmenntaborgin.is og allirlesa.is.


Auk þess er vert að benda á síðurnar lesvefurinn.hi.is og lestur.is. Þá er að hefjast skemmtileg sms örsögusamkeppni 10-16 ára barna og upplýsingar um hana er að finna á vef Borgarbókasafns Reykjavíkur, borgarbokasafn.is.

Þótt þemað sé bækur og lestur fljóta að vanda önnur kennslugögn með. Að þessu sinni eru það tvær útfærslur á 100 töflunni, annars vegar á hefðbundnu töfluformi og hinsvegar í formi talnagrindur.

Þema nóvember er *endurvinnsla* og efnisöflun komin vel á veg. Allar ábendingar eru sem fyrr vel þegnar á netfangið kennarinn123@gmail.com. Með von um að haustið fari vel af stað.


Allir fyrir einn - einn fyrir alla

Unnur María Sólmundsdóttir, verkefnastjóri.




1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	32	33	34	35	36	37	38	39	40
41	42	43	44	45	46	47	48	49	50
51	52	53	54	55	56	57	58	59	60
61	62	63	64	65	66	67	68	69	70
71	72	73	74	75	76	77	78	79	80
81	82	83	84	85	86	87	88	89	90
91	92	93	94	95	96	97	98	99	100

Talnagrindin



1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27	28	29	30
31	32	33	34	35	36	37	38	39	40
41	42	43	44	45	46	47	48	49	50
51	52	53	54	55	56	57	58	59	60
61	62	63	64	65	66	67	68	69	70
71	72	73	74	75	76	77	78	79	80
81	82	83	84	85	86	87	88	89	90
91	92	93	94	95	96	97	98	99	100

100 taflan




Bókahillan

— klippt og litað



Kjalmiðar fyrir lestrarátak. Heiti bókanna eru rituð á kilina, þeir

litaðir og hengdir upp í skólastofu líkt og bækur standi í bókahillu.



6 til 7




 	 	 	
--	--	--	---




8 til 9


Bókasafnspassar og hurðahengi

— klippt og plastað






Hittið
mig á




safninu



Sshh
hér er



stund



Lesaugað

— klippt og plastað

Lesaugað aðstoðar við lesturinn.
Nemandi rennir auganu undir
orðin sem hann les, staðsetur

sig þannig á blaðsíðunni og auð-
veldar yfirferðina.






Klipptu mig út,
brjóttu í tvennt og
plastaðu, þá passa
ég í spilastokk

Kortamolar

— klippt, brotið og plastað



**Yfir 100
upplesnar
barnabækur**

Hlusta.is inniheldur yfir 5000 hljóðskrár í 10 flokkum fyrir iPod og iTunes.

Þar má meðal annars finna yfir 100 barnabækur, skáldsögur, unglingabækur, forn-sögur og fræðslu.

Einstaklingar og skólar geta keypt áskrift af vefnum.



**Bókaormur
bekkjarins**



Bókaormar er frábær síða til að halda utan um lestur nemenda og efla til lestrarátaks.


Stofna þarf aðgang þar sem hver bekkur á sinn eigin bókaorm, gefur honum nafn og skráir inn bækur og bókadóma.

Fylgst er með þegar ormurinn lengist við hverja lesna bók.

Myndir

Barnasögur, skjámynd tekin af slóðinni hlusta.is

Bókaormur, skjámynd tekin af slóðinni bokaormar.khi.is



Bókareglur


— gátlisti barnanna

Bækur eru dýrmætar og það þarf að læra að umgangast þær. Gátlistann er tilvalið að skoða

fyrir bókasafnsferðir og nota sem bókamerki við heimalestur.

- ☐ Vera með hreinar hendur þegar bækur eru skoðaðar
- ☐ Aldrei má skrifa, lita eða teikna í bókasafnsbækur
- ☐ Ekki má klippa blaðsíður eða líma í bókasafnsbækur
- ☐ Fletta þarf blaðsíðum varlega svo þær rifni ekki
- ☐ Ekki brjóta upp á horn blaðsíða heldur nota bókamerki
- ☐ Ekki er gott að vera með bækur nálægt mat og drykk
- ☐ Passa þarf að lítil börn og gæludýr nái ekki í bækur
- ☐ Bækur eiga ekki heima á gólfi heldur á góðum stað
- ☐ Gott er að geyma bækur í plastpoka í skólatöskunni
- ☐ Bókasafnsbókum þarf að skila á réttum tíma

- ☐ Vera með hreinar hendur þegar bækur eru skoðaðar
- ☐ Aldrei má skrifa, lita eða teikna í bókasafnsbækur
- ☐ Ekki má klippa blaðsíður eða líma í bókasafnsbækur
- ☐ Fletta þarf blaðsíðum varlega svo þær rifni ekki
- ☐ Ekki brjóta upp á horn blaðsíða heldur nota bókamerki
- ☐ Ekki er gott að vera með bækur nálægt mat og drykk
- ☐ Passa þarf að lítil börn og gæludýr nái ekki í bækur
- ☐ Bækur eiga ekki heima á gólfi heldur á góðum stað
- ☐ Gott er að geyma bækur í plastpoka í skólatöskunni
- ☐ Bókasafnsbókum þarf að skila á réttum tíma




Heimalestur

— gátlisti fyrir foreldra

Gott atlæti er gjöfum betra

— gátlisti fyrir heimalestur



	Fylgjast með heimlestri barnsins
	Spyrja barnið út í lesefni þess
	Vera með bækur og rit á heimilinu
	Hafa lesefni aðgengilegt f. barnið
	Lesdaglega sjálf/ur
	Láta barnið sjá mig lesa
	Fara saman á bókasafnið
	Hjálpa barninu að finna efni við hæfi
	Kynna barninu barnabækur sem ég las
	Setja okkur lestrarmarkmið og tímamörk
	Hafa fastan lestrartíma daglega
	Búa til kósí lestrarhorn fyrir okkur
	Segja barninu frá því sem ég les
	Endursegja sögurnar saman
	Lesdag fyrir barnið mitt
	Skoða ólíka texta með barninu
	Skoða skýringarmyndir m. barninu
	Leita að nýjum orðum með barninu
	Útskýra orðin <i>kjölur</i> , <i>kápa</i> og <i>kaflar</i>
	Fara saman á bókamarkaði
	Taka bækur með í fríin
	Kynna barnið f. ísl. barnabókahöfundum
	Stofna fjölskylduorm á bokaormar.khi.is
	Búa til stjörnuvjöf og meta bækur saman
	Búa til bókaorm upp á vegg
	Föndra bókamerki saman

	Vera með orð dagsins á ísskápnum
	Lesdag mataruppskriftir saman
	Skrifa innkaupalistann saman
	Hafa teiknimyndasögur á klósettinu
	Hlusta á hljóðbækur saman
	Ræða saman um efni hljóðbókanna
	Horfa á myndir gerðar eftir bókum
	Bera saman kvikmyndina og bókina
	Leysa krossgátur og þrautir saman
	Hafa orðabók uppi við og aðgengilega
	Útskýra orðatiltæki fyrir barninu
	Útskýra málshætti fyrir barninu
	Skoða málshætti sem tengjast lestri
	Fara í stafsetningarleiki
	Fara í rímleiki
	Spila Scrabble saman
	Spila Orðamaus saman
	Púsla með barninu
	Semja sögur saman
	Halda dagbók með barninu
	Hvetja barnið til bréfaskrifta
	Fá aðstoð ef grunur er um lesblindu
	Skoða síðuna lesvefurinn.hi.is
	Skoða síðuna lestur.is
	Skoða síðuna hlusta.is
	Skoða <i>Lestur er leikur</i> á nams.is



Lestrarbingó

— fjölföldun


LESTU er nokkurs konar lestrar-átak í formi einstaklingsbingós. Hér leysa nemendur ýmsar lestrarbrautir, skrá niðurstöður verkefna eftir atvikum og krossa yfir það sem lokið er.

Hægt er að hugsa þetta til lengri eða skemmri tíma, en nemendur skrá upphafs- og lokatíma átaksins neðst á verkefnablaðið.

Meðfylgjandi bókamerki er hliðstætt átak þar sem lesa þarf upphátt daglega í heilan mánuð og skrá mínúturnar.

Í framhaldinu er hægt að vinna með niðurstöðurnar, fjölda mínútna á margvíslegan máta, dæmi:

- Setja upp í súlurit
- Leggja dagana saman
- Finna meðaltal einstaklings
- Finna meðaltal bekkjar
- Raða í sætisröð eftir afköstum
- Finna hæsta og lægsta gildi
- Finna miðgildi
- Margfalda með fjölda mánaða
- Breyta mínútum í klukkustundir
- Breyta mínútum í sekúndur
- Hvaða daga er mest lesið?
- Hvaða daga er minnst lesið?

 		
1	mín	=
2	mín	=
3	mín	=
4	mín	=
5	mín	=
6	mín	=
7	mín	=
8	mín	=
9	mín	=
10	mín	=
11	mín	=
12	mín	=
13	mín	=
14	mín	=
15	mín	=
16	mín	=
17	mín	=
18	mín	=
19	mín	=
20	mín	=
21	mín	=
22	mín	=
23	mín	=
24	mín	=
25	mín	=
26	mín	=
27	mín	=
28	mín	=
29	mín	=
30	mín	=
31	mín	=

L	E	S	T	U
Eina bók að eigin vali og skráðu blaðsíðu-fjöldann: _____	Aftan á mjólkur-fernuna næst þegar þú færð þér morgunkorn	Öll götu-heitin sem ekið er framhjá næst þegar þú ferð í bíl eða strætó	Innihalds-lýsinguna á uppáhalds snakkinu þínu. Hvað eru mörg r í textanum? _____	Brandara á dag í heila viku fyrir einhvern sem þér þykir mjög vænt um
Gamla Tinna bók og segðu vini eða vinkonu frá sögu-þræðinum	Frétt í dag-blaði og skráðu furðulegasta orðið sem þú fannst: _____	Bókina <i>Óð-fluga</i> eftir þórarinn Eldjárn og og veldu þér uppáhalds ljóð	Uppáhalds ljóðið úr <i>Óðflugu</i> fyrir bekkinn þinn og kennarann	Skóla-reglurnar og segðu heimilisfólkinu þínu hvað þær þýða
5 síðustu orðin í 1. setningu 3. kafla bókar með rauðum kili á skóla-bókasafninu	Innkaupa-listann upp fyrir mömmu og pabba næst þegar þið verslið saman		Barnasátt-mála Sameinuðu þjóðanna og ræðið hann í bekknum	Brandara-síðu dag-blaðs meðan þú stendur á haus upp við vegg
Smásögu að eigin vali og skrifaðu nýjan og óvæntan endi á hana í stílabók	Setningu að eigin vali fyrir framan spegil ýmist hátt, lágt, hvíslandi eða hlæjandi	Bók eftir íslenskan barna-bókahöfund og skráðu nafn hans: _____	Lítið ævintýri fyrir ungan vin eða vinkonu og ræðið um söguna	Þrjá málshætti að eigin vali og búðu til dæmisögu sem þeir koma fyrir í
Frétt í texta-varpi sjón-varpsins, teldu orðin og skráðu: _____	Útivistar-reglurnar. Hvað þýða þær fyrir þig? Skrif-aðu stutta dæmisögu	Eins oft og þú getur í 1 mínútu: <i>Barbara Araba bara rabbabara</i>	Spennandi sögu undir sæng með slökkt ljós og notaðu vasaljós til að sjá	Daglega upphátt í heilan mánuð og skráðu mínúturnar: _____

Nafn: _____ **Dags:** _____ - _____

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----



Vidurkenning





Tók þátt í 20 bóka áskorun og
stóð sig með glans!

Skólaveturinn 2014-2015

Umsjónarkennari

Dagsetning





20 bóka áskorun

— lesið og stimplað

Í þessari áskorun les nemandi 20 bækur og skráir titil þeirra í reitina á meðfylgjandi blaði. Efst á blaðið skráir viðkomandi nafnið sitt og við lok hverrar bókar er stimplað í einn reit. Hægt er að útfæra áskorunina á ýmsa vegu svo sem að hafa tíma-mörk eða vinna meira með lesefnið í kjölfarið. Í framhaldsvinnunni er

kjörið að nýta *Vinnubókarmiðann* á næstu síðu eða *Bókardóminn* á bls. 22. Í lok átaks getur kennari nýtt viðurkenningarskjalið og umbunað nemendum fyrir vel unnin verk.

Fjölbreytt og skemmtileg lestrarátök má finna á Skólasafnavefnum: skolasafn.grunnskolar.is.



Ég _____ ætla að lesa 20 bækur!				
1	2	3	4	5
6	7	8	9	10
11	12	13	14	15
16	17	18	19	20






18 til 19

Vinnubókarmiðinn

— klippt og límt

Vinnubókarmiðinn er klipptur út og límdur í stílabók þannig að bókarkjölurinn á miðju blaðsins festist í stílabókina. Klippt er upp í punktalínurnar svo myndist flettingugar. Nemendur opna þá og leysa viðkomandi verkefni.



Lestrarstrimlar

— klippt, límt og plastað



FYRIR lestur

Hvaða vísbendingar eru í titli og kápu?


Er sagan sönn eða skáldskapur?

Hvað ætli ég geti lært af sögunni?

Hvernig ætli líf aðalpersónunnar sé?

Af hverju langar mig til að lesa þessa bók?

Hvernig ætli söguþráðurinn sé?



VIÐ lestur

Hvað ætli gerist næst í sögunni?


Hvað finnst mér um sögupersónurnar?

Afhverju líður sögupersónunum svona?

Myndi ég taka sömu ákvarðanir og persónur bókarinnar?

Er sagan eitthvað lík mínu lífi?

Hvernig ætli sagan endi?



Eftir lestur

Hvernig líður mér eftir lestur sögunnar?

Hvað fannst mér gott eða slæmt í sögunni?

Hefur skoðun mín á persónum eitthvað breyst við lesturinn?

Hvað er höfundur sögunnar að segja mér með sögunni?

Langar mig að lesa fleiri bækur eftir sama höfund?

Um höfundinn

- Nafn
- Fæðingarár
- Þjóðerni
- Aðrar bækur



Ný orð
sem ég lærði
af lestri
bókarinnar

Teikning af
uppáhalds
atvikinu mínu
í bókinni. Það er
þegar að...

Skammstafanir
sem ég fann

Stjörnugjöf

Uppáhalds
persóna mín í
bókinni er

vegna þess að...

Titill

Hvers vegna ég
mæli með eða
mæli ekki með
að aðrir lesi
bókina



Lesskilningsspilið

— hlustað og leikið

Efni og áhöld

Smásaga í bók eða á hljóðbók, í náms-efni eða annar texti, ritföng, teningar og *Lesskilningsspilið*.

Aðferð

Kennari les smásögu eða spilar sögu af hljóðbók. Einnig geta nemendur lesið sögu í hljóði eða upphátt hver fyrir annan. Eftir lesturinn fá allir tening, ljósrit af *Lesskilningsspilinu*, 2 miða til að búa til spurningar úr efninu og spilakall til að klippa út. Hver spurning þarf að hafa 3 svarmöguleika.

Kennari safnar miðum saman, dregur spurningu og les upp. Nemendur velja A, B eða C svarmöguleikann, skrá hvað þeir völdu og kasta teningi. Ef svarið er rétt mega þeir færa sinn kall áfram sem nemur tölunni á teningnum. Sá vinnur sem kemst fyrst inn að miðju.

Hægt að láta nemendur spila saman í minni hópum. Þá semur kennarinn spurningar upp úr efninu. Í lokin fara nemendur yfir og dæma spil hvers annars.

Markmið

- Efla lesskilning
- Efla virka hlustun
- Læra að draga út aðalatriði texta
- Læra í gegnum leik




Lesskilningsspilið


Nafn: _____

Dómari: _____


Skor: _____



BÓKADÓMUR



Titill bókar		
Höfundur		
Sögusvið er...	Í stuttu máli sagði bókin frá...	
Innri tími		
	Bókin var...	
Ytri tími	☐ Löng ☐ Litrík ☐ Draugaleg ☐ Stutt ☐ Spennandi ☐ Langdregin ☐ Fyndin ☐ Leiðinleg ☐ Skemmtileg ☐ Óvænt ☐ Fróðleg ☐ _____	
Aðalpersónur	Aukapersónur	Besti kaflinn fjallaði um...
Stjörnugjöf		Blaðsíðufjöldi
		☐ JÁ ☐ NEI
Nafn		Dagsetning



Afpreyingarkippan



- leikir, þrautir, spil

Afpreyingarkippan er tölvuumbun fyrir vel unnin störf. Börn velja úr síðum með leikjum, þrautum og

spilum. Renningarnir eru plastaðir, gataðir og settir á lyklakippuhring. Fleiri eru væntanlegir í næstu ritum.



Spilakaplar
worldofsolitaire.com



Munstursgerð
scrapcoloring.com



Pappírsbrot
en.origami-club.com



Tangram
tangramgames.co.uk



Myndir

Munstursgerð, mynd tekin af slóðinni <https://www.facebook.com/ScrapColoring>

Pappírsbrot, mynd tekin af slóðinni <http://findicons.com/icon/558478/origami>

Tangram, mynd tekin af slóðinni http://findicons.com/icon/108831/tangram_icon_07ð

Skemmtilegar orðabækur fyrir börn



teygja lopann



láta eitthvað eins og vind
um eyrun þjóta



stinga saman nefjum



Fjölbreytt
verkefni fyrir
6-12 ára fylgja á
vef Forlagsins



Kennslu-
hugmyndir á vef
Forlagsins

Íslensk barnaorðabók og Barnaorðabók, ensk-íslensk, íslensk-ensk eru ætlaðar börnum upp að 12 ára aldri.

Bækurnar eru ríkulega myndskreyttar og mjög aðgengilegar. Yfir 2000 uppflettiorð eru í bókunum með fjölmörgum dæmum.

Skoðaðu kennsluleiðbeiningar Forlagsins: [SMELLTU HÉR](#)

Forsíðumynd:

Sóldís Perla Ólafsdóttir 7 ára

Ábyrgðarmaður og umbrot:

Unnur María Sólmundsdóttir

kennarinn123@gmail.com

